

Nd.

9. Frumvarp til laga

[9. mál]

um atvinnulýðræði.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Árni Gunnarsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Baldvin Hannibalsson, Magnús H. Magnússon, Karvel Pálmason, Vilmundur Gylfason.

I. KAFLI

Um aðild launþega að stjórnun fyrirtækja og stofnana.

1. gr.

Með lögum þessum er launþegum veitt stjórnunaraðild að fyrirtækjum og stofnunum sem rekin eru af hlutafélögum, samvinnufélögum, sameignarfélögum, einstaklingum, ríkinu eða sveitarfélögum og hafa að jafnaði 50 starfsmenn eða fleiri í þjónustu sinni.

2. gr.

Réttur sá, sem launþegar öðlast skv. lögum þessum, felur í sér beina aðild kjörinna fulltrúa starfsfólks að stjórnun hlutafélaga, samvinnufélaga og tiltekinna ríkisfyrirtækja með fullum réttindum stjórnarmanna. Starfsfólk fyrirtækja og stofnana, sem starfrækt eru með öðrum hætti, öðlast meðákvörðunarrétt með helmingsaðild að samstarfsnefndum launþega og vinnuveitenda, sem stofnaðar eru með lögum þessum.

II. KAFLI

Um samstarfsnefndir.

3. gr.

Séu starfsmenn stofnunar eða fyrirtækis, sem ekki er rekið af hlutafélagi eða samvinnufélagi, 50 eða fleiri miðað við meðalfjölda starfsmanna næstliðin þrjú ár, þá skal setja á fót samstarfsnefnd. Undanþegin þessu ákvæði eru þó Áburðarverksmiðja ríkisins og Sementsverksmiðjan.

4. gr.

Samstarfsnefnd skal skipuð fjórum mönnum ásamt jafnmörgum til vara. Tveir aðalmenn ásamt varamönnum skulu kjörnir af starfsmönnum fyrirtækisins eða stofnunarinnar samkvæmt reglugerð sem félagsmálaráðherra setur. Tveir aðalmenn ásamt varamönnum þeirra skulu tilnefndir af hálfu eigenda, ef um sameignarfyrirtæki eða einkafyrirtæki er að ræða, en af stjórnunarnefnd, ef um er að ræða fyrirtæki eða stofnun, sem ríki eða sveitarfélag starfrækir — forstöðumanni, ef engin stjórnunarnefnd er starfandi.

Skipun samstarfsnefndar skal vera lokið eigi síðar en í lok febrúarmánaðar ár hvert og gilda til eins árs í senn.

5. gr.

Samstarfsnefnd skal vera stjórnendum fyrirtækisins eða stofnunarinnar til ráðuneytis um hvaðeina er varðar vinnuáðstöðu, vinnutilhögun og starfsumhverfi. Ávallt skal leita umsagnar nefndarinnar um allar umtalsverðar breytingar á húsnæði, búnaði, starfsháttum og vinnuskipulagi og í skyldum málum. Samstarfsnefndin skal einnig að eigin frumkvæði fylgjast með hollustuháttum á vinnustað, öryggismálum og aðbúnaði starfsfólks og gera tillögur til stjórnenda um breytingar eða umbætur ef þurfa þykir. Beri slíkar tillögur ekki árangur ber nefndinni að gera viðvart þeim aðilum sem eiga að annast lögboðið eftirlit með því, að lágmarksreglum um slík atriði sé fullnægt.

Engar samþykktir samstarfsnefndar eru bindandi fyrir fyrirtækið eða stofnunina né heldur stjórnendur eða eigendur.

III. KAFLI

Um breytingu á lögum um hlutafélög, nr. 32 12. maí 1978.

6. gr.

IX. kafli um félagsstjórn, framkvæmdastjóra og fulltrúanefnd breytist þannig:

2. mgr. 47. gr. orðist þannig:

Hluthafafundur kýs stjórn hlutafélags, **sbr. þó ákvæði X. kafla**. Í samþykktum er auk þess heimilt að veita stjórnvöldum eða öðrum rétt til þess að tilnefna einn eða fleiri stjórnarmenn. Meiri hluti stjórnar skal þó ætíð kjörinn á hluthafafundi.

7. gr.

Aftan við **IX. kafla. Um félagsstjórn, framkvæmdastjóra og fulltrúanefnd** komi nýr kafli er orðist sem hér segir, en töluröð annarra kafla og greina, sem á eftir fara, breytist samkvæmt því:

X. kafli. Um aðild starfsmanna að stjórn hlutafélaga.

63. gr. — Séu starfsmenn hlutafélags 50 eða fleiri miðað við meðalfjölda starfsmanna næstliðin þrjú ár öðlast starfsmenn rétt til þess að kjósa úr sínum hópi í stjórn hlutafélagsins til viðbótar við stjórnarmenn kjörna af hluthafafundi þá tölu stjórnarmanna sem samsvarar því að sem næst $\frac{1}{3}$ hluti stjórnarmanna hlutafélagsins sé kjörinn af starfsmönnum þess, en þó aldrei færri en tvo, auk varamanna.

Skylt er að láta slíka kosningu fara fram ef verkalýðsfélög þau, sem tilnefnt hafa trúnaðarmenn á vinnustöð sem hlutafélagið starfrækir, óska þess skriflega við stjórn hlutafélagsins eða ef meira en helmingur starfsmanna hlutafélagsins sendir um það skriflega ósk til stjórnar þess. Slík ósk verður að hafa borist stjórn hlutafélagsins eigi síðar en 14 dögum eftir lok reikningsárs (almanaksárs) eða 3 mánuðum fyrir reglulegan hluthafafund (ársfund), ella er hlutafélaginu ekki skylt að verða við henni á því ári.

Nú hefur stjórn hlutafélagsins borist lögmæt ósk um að kjör fulltrúa starfsmanna í stjórn hlutafélagsins verði látið fara fram, og skal þá stjórn hlutafélagsins án tafar tilkynna þeim

verkalýðsfélögum, sem eiga trúnaðarmenn meðal starfsmanna, svo og starfsmönnum sjálfum, að slík kosning verði látin fram fara.

64. gr. — Kjörnefnd skipuð þremur starfsmönnum hlutafélagsins og þremur varamönnum þeirra skal annast undirbúning og framkvæmd kosninganna. Stjórn hlutafélagsins tilnefnir úr hópi starfsmanna félagsins einn fulltrúa í kjörnefndina og varamann hans, en þau verkalýðsfélög, sem trúnaðarmenn eiga á vinnustöð sem hlutafélagið starfrækir, tilnefna hina tvo fulltrúana í kjörnefndina og varamenn þeirra.

Skipun kjörnefndar skal lokið eigi síðar en 14 dögum eftir að stjórn hlutafélagsins hefur tilkynnt, sbr. 63. gr., að kosning verði látin fara fram.

65. gr. — Kosningarrétt hafa allir þeir starfsmenn hlutafélagsins sem unnið hafa samfellt starf hjá hlutafélaginu í hið minnsta þrjá mánuði áður en kosning fer fram. Kjörgengi hafa allir þeir starfsmenn hlutafélagsins sem fullnægja ákvæðum 50. gr. og hafa auk þess unnið samfellt starf hjá hlutafélaginu í minnst eitt ár áður en kosning fer fram.

66. gr. — Stjórnarmenn kjörnir af starfsmönnum fyrirtækisins taka sæti í stjórninni strax á fyrsta fundi stjórnarinnar að loknum reglulegum hluthafafundi (ársfundi) og sitja í stjórninni með öllum sömu réttindum og aðrir stjórnarmenn. Kjörtímabil þeirra skal vera hið sama og annarra stjórnarmanna.

67. gr. — Nú hefur kosning á fulltrúum starfsmanna í stjórn hlutafélags farið fram, og skal þá endurtaka slíkar kosningar reglulega án þess að sérstök ósk um það þurfi að berast, svo fremi ákvæðum 1. mgr. 63. gr. sé fullnægt. Heimilt er þó að láta slíka kosningu niður falla ef skrifleg ósk berst um það frá a. m. k. helmingi starfsmanna hlutafélagsins og verkalýðsfélög þau, sem eiga trúnaðarmenn á vinnustöð er hlutafélagið starfrækir, mæla með því. Hverfa þá stjórnarmenn kjörnir af starfsmönnum úr stjórn þess þegar kjörtímabil þeirra er útrunnið og engir koma í þeirra stað. Hafi slíkt gerst og komi síðar upp ósk um að starfsmenn fái á ný að kjósa úr sínum hópi stjórnarmenn í hlutafélaginu fer um það samkvæmt ákvæðum 63. gr.

68. gr. — Félagsmálaráðherra getur í reglugerð sett nánari fyrirmæli um verkefni kjörnefnda og framkvæmd kosninga. Allur beinn kostnaður við störf kjörnefndar og kosningu fulltrúa starfsfólks í stjórn hlutafélags greiðist af viðkomandi hlutafélagi.

IV. KAFLI

Um breytingar á lögum um samvinnufélög, nr. 46/1937.

8. gr.

IV. kafli. **Félagsstjórn** breytist þannig:

20. gr. orðist svo:

Á aðalfundi skal kjósa 3 menn eða fleiri í stjórn og jafnmarga varamenn. Gengur varamaður til fulls í stjórnina ef aðalmaður deyr, gengur úr félaginu og vikur úr stjórninni á löglegan hátt, áður en kjörtími hans er liðinn. Í samþykktum skal tiltaka tölu stjórnenda kjörinna á aðalfundi og kjörtíma. Skulu þeir ganga út á víxl, og aldrei meiri hluti á sama ári nema óviðráðanleg atvik valdi.

Engan má kjósa í stjórn á aðalfundi nema hann sé félagsmaður.

9. gr.

VI. kafli. **Samvinnusambönd** breytist þannig:

1. másl. 32. gr. orðist svo:

Á aðalfundi skal kjósa eigi færri en 3 menn í sambandsstjórn.

10. gr.

Aftan við **VI. kafla. Samvinnusambönd** komi nýr kafli er orðist sem hér segir, en töluröð annarra kafla og greina, sem á eftir fara, breytist samkvæmt því:

VII. kafli. Um aðild starfsmanna að stjórn samvinnufélaga og samvinnusambanda.

34. gr. — Séu starfsmenn samvinnufélags eða samvinnusambands 50 eða fleiri miðað við meðalfjölda starfsmanna næstliðin þrjú ár öðlast starfsmenn rétt til þess að kjósa úr sínum hópi í stjórn samvinnufélagsins eða samvinnusambandsins til viðbótar við stjórnarmenn kjörna af aðalfundi þá tölu stjórnarmanna sem samsvarar því að sem næst $\frac{1}{3}$ hluti stjórnarmanna sé kjörinn af starfsmönnum, en þó aldrei færri en tvo, auk varamanna.

Skylt er að láta slíka kosningu fara fram ef verkalýðsfélög þau, sem tilnefnt hafa trúnaðarmenn á vinnustöð sem samvinnufélagið/samvinnusambandið starfrækir, óska þess skriflega við stjórn samvinnufélagsins/samvinnusambandsins eða ef meira en helmingur starfsmanna samvinnufélagsins/samvinnusambandsins sendir um það skriflega ósk til stjórnarinnar. Slík ósk verður að hafa borist stjórn samvinnufélagsins/samvinnusambandsins eigi síðar en 14 dögum eftir lok reikningsárs (almanaksárs) eða 3 mánuðum fyrir reglulegan aðalfund, ella er ekki skylt að verða við henni á því ári.

Nú hefur stjórn samvinnufélagsins/samvinnusambandsins borist lögmæt ósk um að kjör fulltrúa starfsmanna í stjórn verði látið fara fram, og skal hún þá án tafar tilkynna þeim verkalýðsfélögum, sem eiga trúnaðarmenn meðal starfsmanna, svo og starfsmönnum sjálfum, að slík kosning verði látin fara fram.

35. gr. — Sérstök kjörnefnd skipuð þremur starfsmönnum samvinnufélagsins/samvinnusambandsins og þremur varamönnum þeirra skal annast undirbúning og framkvæmd kosninganna. Stjórn samvinnufélagsins/samvinnusambandsins tilnefnir úr hópi starfsmanna einn fulltrúa sinn í kjörnefndina og varamann hans, en þau verkalýðsfélög, sem eiga trúnaðarmann á vinnustöðvum, er samvinnufélagið/samvinnusambandið starfrækir, tilnefna hina tvo kjörnefndarmennina og varamenn þeirra.

Skipun kjörnefndar skal lokið eigi síðar en 14 dögum eftir að stjórn samvinnufélagsins/samvinnusambandsins hefur tilkynnt, sbr. 34. gr., að kosning verði látin fara fram.

36. gr. — Kosningarrétt hafa allir þeir starfsmenn samvinnufélagsins/samvinnusambandsins sem unnið hafa samfelldt starf hjá félaginu/sambandinu í hið minnsta þrjú mánuði áður en kosning fer fram. Kjörgengi hafa allir þeir starfsmenn samvinnufélagsins/samvinnusambandsins sem eru lögráðir, fjár síns ráðandi og hafa auk þess unnið samfelldt starf hjá samvinnufélaginu/samvinnusambandinu í minnst eitt ár áður en kosning fer fram.

37. gr. — Stjórnarmenn kjörnir af starfsmönnum samvinnufélagsins/samvinnusambandsins taka sæti í stjórninni á fyrsta fundi hennar að loknum aðalfundi og sitja í stjórninni með sömu réttindum og skyldum og aðrir stjórnarmenn. Kjörtími þeirra skal vera sá hinn sami og gildir um aðra stjórnarmenn.

38. gr. — Nú hefur kosning á fulltrúum starfsmanna í stjórn samvinnufélags/samvinnusambands farið fram og skal þá endurtaka slíka kosningu reglulega einu sinni á ári án þess að sérstök ósk um það þurfi að berast, svo fremi ákvæðum 1. mgr. 34. gr. sé fullnægt. Heimilt er þó að láta slíka kosningu niður falla ef skrifleg ósk berst um það frá a. m. k. helmingi starfsmanna samvinnufélagsins/samvinnusambandsins og verkalýðsfélög þau, sem tilnefnt hafa trúnaðarmenn á vinnustöðvum sem samvinnufélagið/samvinnusambandið starfrækir, mæla með því. Hverfa þá stjórnarmenn kjörnir af starfsmönnum úr stjórninni þegar kjörtímabil þeirra er útrunnið og engir koma í þeirra stað. Hafi slíkt gerst og komi síðar fram ósk um að starfsmenn fái á ný að kjósa úr sínum hópi í stjórn fer um það skv. ákvæðum 34. gr.

39. gr. — Félagsmálaráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd kosninga og verkefni kjörnefnda.

Allur beinn kostnaður við störf kjörnefnda og framkvæmd kosninga greiðist af viðkomandi samvinnufélagi/samvinnusambandi.

V. KAFLI

Um breytingu á lögum um Áburðarverksmiðju ríkisins, nr. 43 frá 16. apríl 1971.

11. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins skal skipuð sjö mönnum, sem kosnir skulu hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn, svo og tveimur starfsmönnum Áburðarverksmiðju ríkisins kjörnum til jafnlangs tíma af starfsfólki verksmiðjunnar samkvæmt reglugerð sem landbúnaðarráðherra setur. Landbúnaðarráðherra skipar formann verksmiðjustjórnar úr hópi stjórnarmanna.

Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður henni laun.

Til þess að skuldbinda Áburðarverksmiðjuna þarf undirskrift fimm stjórnarmanna.

VI. KAFLI

Um breytingu á lögum um sementsverksmiðju, nr. 35 frá 1. apríl 1948.

12. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sementsverksmiðjunnar skal skipuð 5 mönnum, sem sameinað Alþingi kýs til fjögurra ára í senn, svo og tveimur starfsmönnum verksmiðjunnar sem kjörnir eru til jafnlangs tíma af starfsfólki hennar samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur. Iðnaðarráðherra skipar formann verksmiðjustjórnar úr hópi stjórnarmanna. Verksmiðjustjórn hefur á hendi yfirstjórn verksmiðjunnar. Iðnaðarráðherra setur henni erindisbréf og ákveður laun hennar.

Til þess að skuldbinda sementsverksmiðjuna þarf undirskrift fjögurra stjórnarmanna.

VII. KAFLI

Um gildistöku.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1984.

Greinargerð.

Efni þessa frv. varðar einn mikilvægasta þáttinn í stefnu Alþýðuflokksins um virkara lýðræði og aukna valddreifingu. Með því er lagt til að launþegar öðlist beina stjórnunaraðild að atvinnulífinu og meðákvörðunarrétt um allar ákvarðanir sem þar eru teknar á vegum einstakra fyrirtækja. Nái meginefni frv. fram að ganga á Alþingi yrði stigið stærsta skref í átt til virkara lýðræðis og aukinnar valddreifingar í þjóðfélaginu sem stigið hefur verið um margra ára skeið. Þetta eina mál gæti gjörbreytt öllum aðstæðum í atvinnu- og félagsmálum landsmanna og stóraukið virka þátttöku fólks í ákvörðunum sem varða hag hvers og eins og samfélagsins í heild.

Mörg þingmál um meðákvörðunarrétt launafólks varðandi málefni atvinnufyrirtækja hafa verið flutt á liðnum áratugum. Fyrsta þingmálið mun vera **tillaga til þingsályktunar** um að Alþingi skipaði nefnd til að undirbúa löggjöf um aukin áhrif verkamanna og annarra launþega á stjórn þeirra fyrirtækja sem þeir starfa hjá. Tillaga þessi var flutt af **Ragnari Arnalds** á 85. löggjafarþinginu árið 1965. Tillagan fékkst ekki afgreidd á því þingi né hinu næsta er hún var endurflutt.

Síðan þá hafa þingmenn Alþýðuflokksins haft alla forgöngu málsins á hendi á Alþingi þangað til á s. l. vetri er þingmál, er varðar sama efni, var flutt af tveimur þingmönnum

Alþýðubandalagsins. Fyrsta þingmál Alþýðuflokksmanna kom fram á 87. löggjafarþinginu árið 1967 er **Benedikt Gröndal** alþm. flutti tillögu um þá breytingu á lögum um Sementsverksmiðju ríkisins, að til viðbótar við stjórnarmenn kjörna af Alþingi skyldu starfsmenn verksmiðjunnar kjósa tvo úr sínum hópi. Frumvarpið fékkst ekki afgreitt.

Næsta þingmál var **frumvarp til laga um hlutdeild starfsmanna í stjórn atvinnufyrirtækja** sem Alþýðuflokksmennirnir **Jón Þorsteinsson** og **Jón Ármann Héðinsson** fluttu í efri deild Alþingis árið 1970. Því frv. var **vísað til ríkisstjórnarinnar** að fengnum jákvæðum umsögnum ASÍ og SÍS, en neikvæðri frá VSÍ.

Árið 1973 fluttu svo allir þingmenn Alþýðuflokksins undir forustu **Benedikts Gröndals** tillögu til þingsályktunar um að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að semja frumvarp til laga um atvinnulýðræði þar sem launþegum verði tryggð áhrif á stjórn fyrirtækja og hlutdeild í arði af rekstri þeirra. Þessi tillaga var **samþykkt** af Alþingi. 10. ágúst 1973 skipaði svo þáverandi félagsmálaráðherra **Björn Jónsson** nefnd þá sem samþykktin kvað á um. Í nefndinni áttu sæti: Hallgrímur Dalberg, formaður, Baldur Óskarsson, Jón Snorri Þorleifsson og Óskar Hallgrímsson, tilnefndir af ASÍ, Jón H. Bergs og Ólafur Jónsson, tilnefndir af VSÍ, og Skúli Pálmason tilnefndur af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna.

Nefndina rak fljótlega í strand. Hún hélt aðeins tvo bókaða fundi, auk óbókaðra viðræðufunda. Í októbermánuði árið 1973 stakk nefndin sjálfri sér svefnþorn með formlegum hætti og hefur ekki vaknað síðan. Í svari núv. hæstvirtis félagsmálaráðherra, Svavars Gestssonar, formanns Alþýðubandalagsins, við fyrirspurn á Alþingi í fyrra kom fram að þrátt fyrir endurvakinn áhuga flokks hans á málinu hafði honum hvorki tekist að vekja nefndina né málið í heild. Aðalástæðan virðist vera tregða vinnuveitenda, sem vilja alfarið gera málið að samningsatriði í tengslum við kaup og kjör, en einnig virðist áhugi landssamtaka launþega á málinu lengi vel hafa verið meiri í orði en á borði. Alltént virðist reynsla okkar Íslendinga vera sú hin sama og flestra annarra þjóða, eins og fram kemur í ítarlegri skýrslu um atvinnulýðræði sem lögð var fyrir breska þingið árið 1977 (Report of the Committee of Inquiry on Industrial Democracy, presented to Parliament by the Secretary of State for Trade by Command of Her Majesty January 1977). Í skýrslu þessari kemur fram sú reynsla allra þjóða, þar sem launþegar hafa með einhverjum hætti öðlast meðákvörðunarrétt í atvinnulífinu, að slíkt hefur aldrei getað gerst fyrir tilverknad frjálsra samninga í tengslum við kaup og kjör, heldur hefur ávallt þurft að koma til atbeini löggjafarvalds. Í skýrslunni kemur einnig fram það samdóma álit forsvarsmanna atvinnufyrirtækja og launafólks, að eftir að sú breyting hefur verið gerð hafa menn sammælt um að hún hafi reynst til mikilla bóta bæði fyrir atvinnulífið í heild, fyrirtækin og starfsfólkið. Er vakin sérstök athygli á því, að þetta er einnig álit stjórnenda atvinnufyrirtækja.

Vegna þessarar stöðu, sem ljós var orðin fyrir allmörgum árum, brugðu þingmenn Alþýðuflokksins á það ráð árið 1977, á 98. löggjafarþinginu, að flytja mjög ítarlegt **frumvarp til laga um atvinnulýðræði** og var **Sighvatur Björgvinsson** fyrsti flm. Það frv. var mjög svipað því sem hér er flutt, en miklum mun ítarlegra og nákvæmara í smáatriðum um framkvæmd. Með frv. fylgdi mjög yfirgripsmikil greinargerð um stöðu þessara mála í nálægum löndum, rök með og móti atvinnulýðræði og sögu málsins hér á Íslandi. Er vísað í þá greinargerð til frekari upplýsinga, en frv. var flutt á þskj. 315. Málið hlaut ekki afgreiðslu.

Meginefni frv. var endurflutt árið eftir af sömu flm., en þá hver kafli þess sem sjálfstætt þingmál. Ekkert þeirra frumvarpa hlaut afgreiðslu.

Fr. það, sem hér er flutt, er að meginefni til hið sama og frv. frá 1977. Það hefur þó verið aðlagð nýrri hlutafélagalöggjöf, sem samþykkt var á Alþingi 12. maí 1978 (lög nr. 32), auk þess sem hið upphaflega frv. hefur verið stytta og einfaldað. Ástæðan fyrir endurflutningi nú er m. a. sú, að Alþýðubandalagið, sem á umliðnum árum hefur verið á báðum

áttum í afstöðu til aðildar starfsfólks að stjórn atvinnufyrirtækja, hefur nú lýst sig fylgjandi málinu og í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, sem fylgdi bráðabirgðalögum hennar frá því í ágúst s. l., er m. a. vikið að því, að ríkisstjórnin muni athuga um framgang slíks máls. Tími slíkra athugana er löngu liðinn og löngu kominn tími framkvæmda. Því er rétt og eðlilegt að þingmál um framkvæmd atvinnulýðræðis sé lagt fram á Alþingi og látið reyna á raunverulegan vilja þingmanna og þingflokka til að koma málinu frá með því að afgreiða frumvarpið breytt eða óbreytt.

„Vilji er allt, sem þarf.“

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Við 1. gr.

Nánari ákvæði um hverja telja beri starfsmenn í þessu tilviki eru í 3. gr. og 7. gr. og er miðað þar við meðalfjölda starfsmanna næstliðin 3 ár.

Við 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Við 3. gr.

Sérákvæði eru í frv. um Áburðarverksmiðju ríkisins og Sementsverksmiðjuna, sjá V. og VI. kafla.

Við 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Við 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa. Sjá þó samþykkt 34. þings ASÍ, sem fylgir í sérstöku skjali, þar sem bent er á hvaða áhrifaádstöðu verði að tryggja starfsfólki í hverjum vinnustað.

Við 6. gr.

Hér er aðeins lagt til að gerð verði breyting á 2. mgr. 47. gr. laga um hlutafélög til þess að heimila að í stjórn slíks félags geti setið fulltrúar kjörnir af starfsfólki. Breytingin er viðbót, sbr. auðkenndu orðin. Annað er óbreytt.

Við 7. gr.

Þetta er meginbreytingin sem lögð er til að gerð verði á lögum um hlutafélög, nr. 32/1978. Hún felur í sér að aftan við IX. kafla, um félagsstjórn o. fl., komi sérstakur kafli um aðild starfsfólks að stjórn hlutafélaga. Lagt er til að í kafla þessum verði 6 lagagreinar. Í þeirri fyrstu (63. gr.) er kveðið á um í hvaða tilvikum starfsfólk öðlist rétt til þess að kjósa fulltrúa í stjórn hlutafélags, hvaða aðilar (meiri hluti starfsmanna eða viðkomandi verkalyðsfélög) geti krafist að sá réttur verði nýttur, hvenær slík krafa verði að koma fram og hvernig hlutafélagið skuli bregðast við kröfunni.

Í 64. gr. er fjallað um skipun kjörnefndar sem á að stjórna og framkvæma kosningar á fulltrúum starfsmanna í stjórn hlutafélags. Síðar (í 68. gr.) er ákvæði um að félagsmálaráðherra geti sett í reglugerð nánari fyrirmæli um verkefni og verksvið kjörnefnda en gert er í frv., og felur það ákvæði í sér að ef ágreiningur verður um starf kjörnefndar geti ráðherra úrskurðað. Annars er við það miðað, að kjörnefnd geti sjálf sett sér starfsreglur innan ramma laga og hugsanlegrar reglugerðar og geti þær starfsreglur verið breytilegar eftir aðstæðum og þörfum innan hvers fyrirtækis.

Í 65. gr. eru ákvæði um kosningarrétt og kjörgengi starfsmanna. Í 66. gr. er fjallað um réttindi stjórnarmanna úr röðum starfsfólks sem skulu vera hin sömu og annarra stjórnarmanna og kjörtímabil hið sama. Í 67. gr. eru m. a. ákvæði um hvernig unnt sé að fella niður kosningu á fulltrúum starfsfólks í stjórn hlutafélags, og þarf þá til að koma bæði beiðni meiri hluta starfsmanna og samþykki viðkomandi verkalýðsfélaga.

Við 8. gr.

Breytingin, sem lagt er til að gerð verði á 20. gr. laga um samvinnufélög, er aðeins í því fólgin, að orðalagsbreytingar eru gerðar á greininni sem heimila að fulltrúar starfsfólks geti tekið sæti í stjórninni.

Við 9. gr.

Sambærilegar breytingar varðandi samvinnusambönd og fjallað er um varðandi samvinnufélög í 8. gr.

Við 10. gr.

Þetta er meginbreytingin sem lögð er til að gerð verði á lögum um samvinnufélög, nr. 46/1937. Í greininni er lagt til að aftan við VI. kafla þeirra laga komi nýr kafli með 6 lagagreinum og fjalli kaflinn um aðild starfsmanna að stjórn samvinnufélaga og samvinnusambanda.

Þessar nýju lagagreinar eru efnislega samhljóða hinum nýju lagagreinum sem í 7. gr. frv. er lagt til að bæta inn í hlutafélagalögin í sérstökum kafla. Skýringar við 7. gr. eiga því jafnframt við um meginefni 10. gr.

Við 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Við 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Við 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal

34. þing ASÍ.

Ályktun um atvinnulýðræði.

34. þing ASÍ ítrekar þá stefnumörkun varðandi vald og ábyrgð sem felst í stefnuyfirlýsingu Alþýðusambands Íslands, en þar segir:

Vald og ábyrgð.

Alþýðusamband Íslands vill:

- efla þjóðfélagsvald verkalýðsstéttarinnar,
- koma á lýðræði í atvinnulífinu,
- byggja upp efnahagslýðræði, m. a. með því að samfélagið stjórni mikilvægustu fjármálastofnunum og öðrum stofnunum sem veita almenna þjónustu.

- efla heilbrigðan og lýðræðislega uppbyggðan samvinnurekstur og þá sérstaklega samvinnufélög neytenda, einnig annan þann atvinnurekstur sem byggir á almanna-eign fyrirtækja,
- afnema einkaeignarrétt að því leyti sem hann hindrar þróun lýðræðis og hagkvæma og skipulega nýtingu náttúruauðlinda þjóðarinnar.

Krafan um lýðræði í atvinnulífinu er einn þáttur þeirrar viðleitni verkalýðshreyfingarinnar að færa lýðræðisleg stjórnarform til fleiri þátta þjóðlífsins, auka áhrif og völd verkafólks í atvinnulífinu almennt, en ekki síst á það umhverfi sem hverjum og einum stendur næst, þ. á m. eigin vinnustað. Verkalýðshreyfingin lítur á lýðræði á vinnustað sem andsvar gegn þeim vélrænu samfélagsháttum, sem nú einkennast af einhliða stjórnun „að ofan“, og sem þátt í baráttu gegn skriffinnskuvaldi og þvingunum gegn einstaklingunum og þörf þeirra til að finna tilgang og lífsnautn í störfum sínum.

Lýðræði í atvinnulífinu, í fyrirtækjum og á vinnustað, er jafnframt skilyrði fyrir hraðari þróun atvinnuveganna, sem er þjóðfélagsleg nauðsyn ef þjóðin á að halda efnalega til jafns við aðrar þjóðir, því raunveruleg áhrif, völd og ábyrgð verkafólksins geta ein leyst úr læðingi þá miklu hæfileika sem það býr yfir í krafti þekkingar sinnar og atgervis til þess að auka og bæta framleiðslu og efla atvinnuvegina og atvinnulífið.

Verkalýðshreyfingin mun á komandi árum leggja sérstaka áherslu á baráttuna fyrir lýðræði í atvinnulífinu á öllum sviðum: Á einstökum vinnustöðum, í kjarasamningum, á löggjafarsviðinu og á sviði fræðslumála. Þessi barátta beinist að því að knýja fram áhrifa- og ákvörðunarrétt verkafólksins sjálfs með breyttum stjórnunarháttum á öllum stigum, allt frá aðbúnaði og stjórn á sjálfum vinnustaðnum til yfirstjórnar fyrirtækjanna. Á hverju stigi baráttunnar þarf að koma til víðtæk umræða meðal verkafólksins og fræðsla af hálfu samtakanna um eðli nauðsynlegra breytinga og þjálfun þess til þess að geta tekist á hendur ábyrgð, sem auknum áhrifum og valdi fylgir.

Lýðræði í atvinnulífinu er þáttur þess almennt aukna efnahagslega lýðræðis, sem verkalýðshreyfingin hefur að markmiði. Hún lítur á það sem sjálfsagt réttlætismál og mannréttindi, að þeim audi, sem myndast í þjóðfélaginu af daglegri vinnu verkafólksins, sé stjórnad og ráðstafað af því sjálfu, ýmist beint með áhrifavöldum í fyrirtækjum og á vinnustað eða gegnum lýðræðislegar valdastofnanir þjóðfélagsins.

Verkalýðshreyfingin ítrekar margyfirlýstan stuðning sinn við heilbrigðan samvinnurekstur, svo sem við verslunarsamvinnufélög neytenda og framleiðslusamvinnufélög, og telur mikilsvert að félagar í verkalýðssamtökunum taki sem virkastan þátt í starfsemi þeirra og enn fremur að verkalýðssamtökin og samvinnuhreyfingin vinni saman að hagsmunamálum neytenda.

Einstaklingsseignarrétturinn má aldrei verða hindrun fyrir þróun þeirra lýðræðislegu markmiða, sem verkalýðshreyfingin berst fyrir, né heldur má hann hindra skipulega og þjóðfélagslega hagkvæma nýtingu náttúruauðlinda eða réttláta skiptingu þess auðs, sem myndast í þjóðfélaginu.

34. þing ASÍ leggur áherslu á þá kröfu, að á næstu árum verði knúið á um aukin áhrif og völd verkafólks í atvinnulífinu. Í því sambandi minnir 34. þing ASÍ á eftirfarandi atriði:

1. Verkalýðssamtökin fái aðstöðu til áhrifa á stefnumótun stjórnvalda strax á frumstigi og jafnframt á framkvæmd stefnunnar stig af stigi.
2. Verkalýðssamtökin og starfsfólkið á hverjum vinnustað fái skilyrðislausan aðgang að öllum upplýsingum um stöðu fyrirtækjanna og framtíðaráform þeirra.
3. Verkalýðssamtökunum og starfsfólkinu á hverjum vinnustað verði tryggð aðstaða til áhrifa á þær ákvarðanir sem teknar eru í fyrirtækjunum um breytingar á starfsfyrirkomulagi og rekstri fyrirtækjanna og uppbyggingu nýrra vinnustaða.

4. Verkalýðssamtökin og starfsfólkið á hverjum vinnustað fái aðstöðu til áhrifa á stefnu fyrirtækjanna varðandi starfsmannahald og að atvinnuöryggi, einkum eldri starfsmanna, verði betur tryggt en nú er.
5. Verkalýðssamtökin og starfsfólkið á hverjum vinnustað nýti til fulls þann rétt til áhrifa á vinnuverndarmálin, sem fæst með nýsamþykktum lögum um næstu áramót, og sýni í verki að þau séu þess umkomin að nýta sér þessa aðstöðu og axla þá ábyrgð sem henni fylgir.

34. Þing ASÍ bendir á að starfshætti verkalýðssamtakanna verður að taka til endurskoðunar með það fyrir augum að þau séu betur í stakk búin til þess að takast á við þau verkefni sem hér er fjallað um. Heildarsamtökin verða að auka þjónustu sína við félagseiningarnar, og meiri áherslu verður að leggja á starfið á vinnustöðum og aukið samstarf þeirra verkalýðsfélaga sem hlut eiga að máli á hverjum stað. Stóru áherslu verður að leggja á menntun og á að bæta starfsaðstöðu þeirra sem gegna trúnaðarstörfum.

Við hvaða verkefni er fengist og hvernig framkvæmd atvinnulýðræðis verður í einstökum atriðum verður ekki ákveðið í eitt skipti fyrir öll. Nánari útfærsla hlýtur að vera í höndum miðstjórnar og samninganefnda.

Athugasemdir.

1.

Kaupmáttur og félagsleg aðstaða launafólks verður ekki alfarið ákveðin í kjarasamningum í hinu margbrotna nútímabjórðfélagi. Hinar ýmsu opinberu aðgerðir ráða úrslitum í því, hver verður þróun kaupmáttar, hvert atvinnuástand við búum við og hvað gerist með félagslega þjónustu. Kjarabaráttan hefur alla tíð tekið mið af þessari staðreynd og verkalýðssamtökin hafa leitast við að samtvinna baráttu sína á öllum sviðum. Verkalýðssamtökunum er nauðsynlegt að fá aðstöðu til áhrifa á stefnumótun stjórnvalda svo og framkvæmd stefnunnar. Strax við fyrsta undirbúning aðgerða, sérstaklega hvað snertir atvinnumál og efnahagsmál almennt, er brýnt að samtökin geti komið sjónarmiðum sínum á framfæri.

Til þess að gefa verkalýðssamtökunum áhrifaaðstöðu þarf að verða gjörbylting á upplýsingastreymi stjórnvalda til samtakanna og viðhorfi þeirra til virkrar aðildar verkalýðssamtakanna að vinnslu mála á frumstigi.

Í eitt ár hefur verið í gildi reglugerð um samráð stjórnvalda við samtök launafólks, bænda og atvinnurekenda í efnahags- og kjaramálum, en hún er sett á grundvelli Ólafslaga. Sú reglugerð gerir ráð fyrir að forsætisráðuneytið hafi frumkvæði að ársfjórðungslegum samráðsfundum ríkisstjórnar og hinna einstöku samtaka og að skipaðar séu samstarfsnefndir um einstaka málaflökka. Ekkert frumkvæði hefur verið haft að reglubundnu samráði af þessu tagi og því engin reynsla af því, hvernig hún hentar okkar þörfum. Almennt er ekkert samráð haft við samtökin við undirbúning stefnumótunar til langs tíma í atvinnumálum, svo sem iðnaðarmálum, sjávarútvegsmálum og landbúnaðarmálum. Sama gildir þegar verið er að fjalla um lausn tímabundinna vandamála, t. d. vanda fiskvinnslunnar.

Við undirbúning félagslegrar löggjafar er sjaldnast haft samráð við samtökin á frumstigi, nema frumkvæðið að viðkomandi lagasetningu sé komið frá samtökunum. T. d. hefur sú endurskoðunarnefnd almannatryggingalaga, sem nú hefur starfað um hríð, ekkert samband haft við Alþýðusambandið. Almennt má segja að Alþingi sé eini aðili sem leitar álitis Alþýðusambandsins og þá almennt þannig að umsagnar um lagafrumvörp sé óskað innan fárra daga.

Innan samtakanna þarf að ræða með hvaða hætti verkalýðssamtökin geti aflað sér aðstöðu til áhrifa á stefnumótun og starf stjórnvalda. Hvernig fást fullnægjandi upplýsingar, hvernig verður sjónarmiðum komið á framfæri og að hve mikilli ákvörðunaraðild vilja samtökin stefna?

2., 3. og 4.

Áhrifum verður ekki náð nema skilyrðislaus aðgangur fáiast að öllum upplýsingum um stöðu einstakra fyrirtækja og fyrirætlanir þeirra. Mikilvægt er að upplýsingaskylda fyrirtækisins afmarkist ekki við einhvern einn fulltrúa starfsfólks með þagnarskyldu gagnvart félögum sínum. Sú skylda verður að hvíla á atvinnurekanda að hann veiti allar upplýsingar og hafi frumkvæði að viðræðum við fulltrúa starfsfólks og verkalýðsfélaganna, sem hlut eiga að máli, áður en ákvarðanir um breytingar eru teknar. Af slíkum atriðum má nefna: aukin umsvif, samdrátt í rekstri, lokun fyrirtækis, sölu fyrirtækis, starfsfyrirkomulag, verkefni fyrirtækisins og einstakra deilda, starfsaðferðir, ráðningarreglur, menntun starfsfólks, fyrirkomulag vinnutíma, hönnun og innréttingu vinnusala og húsnæðismál. Sérstaka áherslu verður að leggja á að rætt sé fyrir fram um hagnýtingu nýrrar tækni og verkafólki tryggt neitunarvald í því samhengi (sjá drög að ályktun um tölvumál). Tryggja verður óskertan aðgang að öllum upplýsingum um fjármál fyrirtækisins og þar með aðgang að bókhaldi þess. Fyrirtækinu verður að vera skylt að veita þá aðstoð sem farið er fram á varðandi skýrslugerð.

Ræða þarf innan samtakanna hvort æskilegt sé að starfsfólk og/eða verkalýðsfélögin fái fulltrúa í stjórnir fyrirtækjanna og þá hvort þeir fulltrúar skuli hafa atkvæðisrétt um öll mál eða e. t. v. engin. Minna verður á að í flestum fyrirtækjum starfar fólk innan fleiri en eins verkalýðsfélags og því er nauðsynlegt að finna leiðir til samskipta milli starfsfólksins og félaganna í þessu samhengi. Trúnaðarmenn hinna einstöku félaga gætu myndað trúnaðarmannaráð, og kjósa mætti aðaltrúnaðarmann sem stýrði því ráði. Ræða þarf hvort aðaltrúnaðarmaður ætti að vera stjórnarmaður jafnframt eða verkin að skiptast á fleiri aðila, ef um stjórnaraðild er að ræða, en tryggja þarf samhengi í störfum trúnaðarmanna, stjórnarfulltrúa og verkalýðsfélaga. Ræða þarf hvort stjórnarfulltrúi skuli miðla upplýsingum, einhver samstarfsnefnd fái upplýsingarnar eða fundur alls starfsfólks. Eflaust mætti fara allar þessar leiðir samhliða. Á sama hátt þarf að ræða hvaða atriði samtökin óska eftir að fá áhrif á og þá hvaða aðili skuli fara með ákvarðanir. Ef auka á lýðræði á vinnustöðum er fleira mikilvægt en að fá fulltrúa í stjórnir og nefndir. Stjórnunarháttum verður að breyta þannig að hver einstaklingur fái beinni áhrif á starfsumhverfi sitt og vinnutilhögum og þau verkefni sem hann fæst við.

Jafnvel þótt stjórnarfulltrúar hefðu ekki atkvæðisrétt eða samstarfsnefndir ákvörðunarvald tækju fulltrúar starfsfólks og/eða verkalýðsfélag á sig ákveðna ábyrgð umfram það sem nú er. Hvernig skal meta upplýsingar og bregðast við þeim? Til þess að svara slíkum spurningum þarf starfsaðstöðu og yfirsýn og jafnvel sérfræðilega aðstoð. Það sama gildir ef hafa á frumkvæði að tillögugerð. Verkalýðssamtökin yrðu mjög að auka þjónustu sína og efla menntun þeirra sem trúnaðarstörfum gegna. Á stærri vinnustöðum er væntanlega brýnni nauðsyn á kerfisbundnum aðgerðum til þess að tryggja aukið lýðræði. Því er rökrétt að leggja sérstaka áherslu á starfið á þeim vinnustöðum, á það að koma upp öflugu trúnaðarmannakerfi og samstarfi þeirra verkalýðsfélaga sem um er að ræða.

Mikið vantar á að atvinnuöryggi sé fullnægjandi. Verkalýðssamtökin verða að leggja áherslu á að allar breytingar á vinnumarkaðinum verði með skipulegum hætti og tillit sé tekið til félagslegra aðstæðna. Gera verður kröfu til þess, að uppsagnir starfsmanna séu efnislega rökstuddar og sé starfsfólki fækkað njóti þeir, sem eru eldri og með lengstan starfsaldur í fyrirtækinu, forgangs til áframhaldandi starfs og endurráðningar ef samdrátturinn reynist tímabundinn. Varðandi uppsagnir þarf að lengja viðvörunartímann, einkum ef um fjöldauppsagnir er að ræða, svo stjórnvöldum og verkalýðssamtökum gefist tími til viðræðna og gagnráðstafana.

Upplýsingaskylda og samstarfsform má knýja fram með samningum og/eða lögum eftir atvikum. Ræða þarf hvaða leiðir skuli fara.

5.

Hin nýsamþykktu löggjöf um vinnuvernd gefur starfsfólki og verkalýðssamtökum nýja möguleika til þess að ná úrbótum í vinnuverndarmálum. Löggjöfin leggur jafnframt starfsfólki og samtökum nýjar skyldur á herðar. Þá áhrifaaðstöðu, sem þessi lög veita, verður að nýta. Starfsfólk verður að vera virkir þátttakendur í því starfi, sem vinna á, og samtökin að veita upplýsingar og fræðslu. Nú þegar hefur verið ákveðið að gefa út fræðslurit um efni hinna nýju laga og hin nýju verkefni starfsfólks og samtakanna. Um vinnuverndarmálin er nánar fjallað í drögum að ályktun um vinnuverndarmál.